

SVEITAPÓSTURINN



MS fréttir til bænda 8. tbl. 3. árg. ágúst 2007

Leiðari forstjóra

117 milljón lítra greiðslumark

Greiðslumarkið fyrir verðlagsárið 2007 til 2008 hefur verið ákveðið 117 milljónir lítra. Um nokkra aukningu er að ræða sem endurspeglar ágætu söluaukningu á mjólkurafurðum hér innanlands að undanfögnu. Ef lítið er til heildarsölu Mjólkursamsölnnar síðustu 12 mánuði er salan eftirfarandi:

Umreiknað í prótein: 114 milljónir lítrar 1% aukning milli ára.

Umreiknað í fitu: 106 milljónir lítrar 4% aukning milli ára.

Núverandi greiðslumark gerir því ráð fyrir að sala próteina aukist um 2% á næsta verðlagsári. Áhugavert er að benda á að fituneysla hefur verið að aukast verulega undanfarin tvö ár. Ef neysla á fitu eykst með sama hraða og hún hefur gert undanfarin má gera ráð fyrir að neysla mjólkurafurða á próteingrunni og fitugrunni verði jöfn eftir 3-4 ár. Birgðastaða okkar á ostum og undanrennuverði er með ágætum þannig að ekki er þörf á umframframleiðslu fyrir innanlandsmarkað á næsta verðlagsári.

Kaup á umfram mjólk til útflutnings

Mjólkursamsalan tók nýlega ákvörðun að kaupa umfram mjólk til útflutnings af framleiðendum sínum á næsta verðlagsári. Það verð sem í boði er fyrir umfram mjólkina er 27 krónur á lítra. Eins og áður hefur verið kynnt hafa orðið miklar verðhækkningar á heimsmarkaði, bæði undanrennuverði og smjöri. Þannig hefur undanrennuverðið hækkað úr 2.700 USD/tonn í um 5.000 USD/tonn á tæpu ári og smjörið hefur hækkað frá síðustu áramótum úr 2.000 USD/tonn í 4.000 USD/tonn.

Útflutningsverðið er fundið út frá núverandi heimsmarkaðsverði á undanrennuverði og smjöri auk þess sem við gerum ráð fyrir í þessari verðlagningu að íslenska krónan gefi nokkuð eftir þegar líður á næsta ár. Við teljum góðar líkur á að verð þessara afurða haldist þokkalegt næsta árið og í því ljósi höfum við boðið framleiðendum okkar að kaupa alla umfram mjólk á næsta verðlagsári fyrir 27 kr. fyrir lítrann sem endurspeglar heimsmarkaðsverðið fyrir smjör og undanrennu.

Stjórn Mjólkursamsölnnar hefur markað félaginu þá stefnu að reyna fyrir sér með útflutning á mjólkurafurðum. Eðlilega hefur verið lögð áhersla á útflutning dýrustu afurða okkar sem eru skyr og sérostar. Skyrútflutningurinn til Bandaríkjanna er nú um 2,5 tonn á viku að jafnaði og hefur það tekið okkur tvö ár að byggja upp þennan markað. Þá byrjuðum við nýlega á útflutningi á skyri til Bretlands og verður spennandi að sjá hvernig okkur tekst til á þeim markaði. Í þriðja lagi horfum við til Færeyja en því miður hafa ýmsar tæknilegar hindranir orðið til þess að við höfum ekki náð að hefja þann útflutningi en vonir okkar standa til þess að það geti orðið strax í haust.

Markmið þessara verkefna er að byggja upp markaði sem standa undir sambærilegu mjólkurverði til bænda og innanlandsmarkaðurinn gerir. Okkur hefur tekist ágætlega að ná þessu markmiði okkar. Eini vandinn er sá að þróunarverkefni af þessu tagi taka langan tíma. Það getur því tekið okkur einhver ár að byggja þessa markaði upp þannig að þeir fari að skipta verulegu máli fyrir íslenska framleiðendur. Þrátt fyrir það erum við bjartsýn og teljum mjög mikilvægt fyrir framleiðendur MS að útvíkka starfsemi sína og opna glugga út í umheiminn.

Umfram mjólk

Nýlega var fjallað í fjölmiðlum um að samkeppnisaðili MS væri tilbúin að greiða 52 krónur fyrir umfram mjólkina á sama tíma og við værum einungis að greiða 27 krónur. Það er því ástæða til að skoða hvernig löggjöfin skilgreinir umfram mjólk. Í reglugerð 631/2007 um greiðslumark mjólkur á lögbylum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2007-2008 er kveðið greinilega að því hvað eigi að gera við umfram mjólk. Þar segir „Framleiðsla, umfram greiðslumark skal fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og afurðastöðvar. Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur þó gefið skriflega heimild til sölu þessara vara innanlands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefur tilefni til“.

Samkvæmt þessari reglugerð er alveg ljóst hvernig meðhöndla á umfram mjólk. Þetta er hins vegar ekki raunin.

Hvernig samkeppnisaðili MS vinnur er á margan hátt svipað því ef lítill aðili opnar fiskverkun við hliðina á HB Granda og býðst til að kaupa allan fisk af sjómönnum á fullu verði en auðvitað án þess að þeir eigi nokkurn kvóta.

Það er því deginum ljósara að það tvöfalda kerfi sem er að verða til mun ekki ganga upp og því eitthvað sem ráðamenn hljóta að taka á fyrr en síðar.

Að lokum er rétt að áreitta að MS leggur mikla áherslu á útflutningsverkefnið með það fyrir augum að byggja upp markað erlendis sem væri góð viðbót við núverandi markað félagsins innanlands. Þróunarstarf af þessu tagi er hins vegar langferð sem kallar á þolinmæði og gott samstarf framleiðenda og Mjólkursamsölnnar sem framleiðendur ættu að njóta þegar fram líða stundir.

Með bestu kveðju

Útgefandi MS

Ábyrgðarmaður:

Guðbrandur Sigurðsson

Ritstjóri:

Páll Svavarsson, palls@ms.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra þess, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

Tveir góðir



Jón Sveinbergsson er einn þeirra starfsmanna sem á langan starfsaldur í mjólkur-iðnaðinum, en hann lét af störfum um sl. áramót. Undanfarin ár hefur Jón ekið stærsta bíl mjólkurflotans, hann er notaður við flutninga á um 14 milljónum lítra af mjólk og undanrennu frá Selfossi til stöðvarinnar í Reykjavík og tekur 32 tonn í ferð. Fulllestaður vegur bíllinn tæp 49 tonn. Nú hafa MBF merkin sem eru á bílnum vikið ásamt öðrum merkjum og heitum afurðastöðva og nýtt merki hefur tekið við í nýju og stærra fyrirtæki.

Bygging bílaverkstæðis á Selfossi



Framkvæmdir við byggingu bíla- og tankaverkstæðis ganga vel og er það fyrsti hlekkur í þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru hjá MS Selfossi. Eldri verkstæðisbyggingar verða að víkja í nýju skipulagi. Gólfíð verður steypt í lok mánaðarins. Nýja hreinsistöðin er til hægri á myndinni.



Hluti mjólkurbílaflota MS Selfossi, bíða morgundagsins í kvöldsólinni.



Áframhald á góðri sölu í mjólkurvörum og osti í júlí

Sala á viðbiti jókst um 4,7% eða 5,5 tonn m.v. sama mánuð í fyrra. Sala á ostum jókst um tæp 12% eða 43,4 tonn. Sala á ostatertum jókst um 17% eða um 0,8 tonn í júlí. Heildarsala í júlí í ostum og viðbiti jókst um 14,3% eða 75,4 tonn. Fyrir tímabilið Janúar – Júlí hefur heildarsala í ostum og viðbiti aukist um 6,5% eða 240 tonn.

Heildarsala í júlí á mjólkurvörum jókst um 2,4% eða 135 þús ltr. Þróun í helstu vöruflokkum var þannig. Hvít mjólk dregst saman um 0,8% eða 17 þús ltr. Bragðbætt mjólk vex um 1,2% eða 5 þús ltr. Grunnréttir vaxa um 4% eða 6 þús ltr. Mjólkurréttir vaxa um 7% eða 18 þús ltr. Iðnaðarhráefni vex um 27% eða 13 þús ltr. Heilsuvörur vaxa um 15% eða 42 þús ltr. Fyrir tímabilið Janúar – Júlí hefur heildarsala í mjólkurvörum aukist um 404 þús ltr eða 1,35%.

Verðlagsáramót / mjólkurinnlegg

Við verðlagsáramót, ágúst/september, getur framleiðandi valið um hvoru megin áramótanna síðasta innvigtun ágústmánaðar eða fyrsta innvigtun septembermánaðar er skráð.

Umsóknareyðublöð til mjólkurframleiðenda verða send út með mjólkurbílum á næstu dögum og er **skilafrestur til 4. september nk**. Einnig er hægt að senda beiðni í tölvupósti til baendabokhald@ms.is

Yfirlit mælinga hjá MS* í júlí 2007

Tímabil	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala	Frumut.	Frumut.	Fjöldi
V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ							MFM	MFM	MFM	
1/07/07-4/07/07	4,13	3,28	2,59	0,70	6,30	-0,543	18	290	272	2.853

Líftala í þúsundum hjá MS* í júlí 2007

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu

0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
88,15	95,34	99,40	0,11	0,42	0,07

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2006-2007

Landið september-júlí:	2006-2007	2005-2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	112.936.583	103.312.681	9.623.902	9,32%
Greiðslumark	116.000.000	111.000.000	5.000.000	4,50%
Nýting greiðslumarks	97,36%	93,07%		

Landið janúar-júlí:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	76.106.699	70.413.635	5.693.064	8,09%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
28	2.444.803	2.271.340	173.463	7,64%
29	2.435.804	2.233.409	202.395	9,06%
30	2.389.745	2.180.917	208.828	9,58%
31	2.361.973	2.163.747	198.226	9,16%
32	2.326.950	2.137.810	189.140	8,85%
Samtals:	11.959.275	10.987.223	972.052	8,85%

* öll samlög nema Mjólkla